

Rennslismælingar í Hallkelshólum í Grímsnesi

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-86-01

RENNSLISMÆLINGAR Í HALLKELSHÓLUM Í GRÍMSNESI

Þann 9. ágúst 1985 var mælt rennsli á ný í lækjum og uppsprettum í landi Hallkelshóla í Grímsnesi. Fyrri rennslismæling á þeim var gerð dagana 9. og 10. febrúar 1985. Sumarið 1985 var mjög þurrt og grunnvatnsstaða því með lágsta móti. Allar mælingarnar voru gerðar með V-laga yfirfalli. Hiti í lækjunum var mældur á sama stað og rennslismælingarnar voru gerðar. Mælt var á sömu stöðum og í fyrra sinnið. Niðurstöður voru sem hér segir:

A. Uppsprettur í lögðinni norðan við Rauðhól og hraunið frá honum. Mældir voru þrjár austustu lækirnir.

1. Austasti lækurinn 24 l/s, 4,8-4,9°C
2. Miðlækurinn 48 l/s, 4,7°C, þar af áætlað 5 l/s framhjá.
3. Vestasti lækurinn á landamerkjum 18 l/s, 6,5°C

B. Uppsprettur í Skógarholti.

4. Lækur rétt austan við vatnsból 4,6 l/s, 7,5°C
5. Drag 300 m austan við vatnsból
Aðallækurinn (sá vestari) 13 l/s, 5,1°C
Minni lækurinn (sá eystri) 9 l/s, 6,8°C

Samtals 22 l/s

C. Að auki var mælt rennsli úr lind austan við Skógarholt austast í landi Hallkelshóla.

6. Rennsli úr henni mældist 5 l/s, 4,8°C

Sumsstaðar hafði vatnið runnið smáspöl frá sjálfum uppsprettunum að mælistaðnum. Hitinn er því eitthvað hærri en í þeim.

Kristján Sæmundsson